

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1243
komudagur 14.1.2013

Reykjavík 11. janúar 2013
1B2

Efni: Athugasemdir/ábendingar varðandi frumvarp til laga um breytingar á lögum um tóbaksvarnir og lögum um verslun með áfengi og tóbak (reyklaust tóbak, ungt fólk o.fl.) Þingskjal 641, 499. mál.

Breytingar þær sem lagðar eru til í frumvarpinu tengjast tilskipun sem er hluti af EES-samningnum og því erfitt að verjast þeim. Breytingin er ekki mikil, en verið er m.a. að bæta skrotóbaki við munntóbak sem bannað er þegar í núgildandi lögum. Samt sem áður er nauðsynlegt að spyrja sig hvers vegna verið er að banna, vegna heilsufarsáhrifa, allt munntóbak sem er mun saklausara en reyktóbak sem er leyfð vara. Vel hreinsað efni eins og sænska snusið hefur mun lægri sjúkdómatíðni í för með sér en annað minna hreinsað munntóbak. Ennfremur er rétt að benda á að krabbamein sem eru gerð að umtalsefni í tengslum við tóbaksnotkun eru ekki nema hluti þeirra vandamála sem fylgja reykingum. Langvinnur lungnasjúkdómur (COPD) sem fylgifyskur reykinga er ekki fylgifyskvilli munntóbaks. Hjarta og æðasjúkdómar eru það ekki heldur, a.m.k. þá í óverulegum mæli. Þó ekki sé verið að mæla með tóbaksnotkun yfirleitt eða nikótínfíkn verður ekki hægt að fullyrða annað en að ávinningur sé í því fyrir hvern og einn að nota alfarið munntóbak í stað reykinga. Niðurstaða okkar er því sú að ekki sé ávinningur af því að banna munntóbak meðan mun hættulegri og mjög svo aðgengileg vara er á markaðnum. Það hljóti að vera ávinningur í því að hafa á boðstólnum minna hættulega vöru í samkeppni við reyktóbakið.

Samkvæmt Talnabrunni hjá Embætti landlæknis (sjá heimasíðu) reyktu 22% karla daglega á aldrinum 18-24 ára fyrri hluta árs 2012. Á sama tíma notuðu 15% munntóbak daglega í þessum sama aldursflokki á fyrri hluta ársins 2012. Hluti þeirra reykir einnig en hluti þeirra gerir það ekki. Spurningin er hvað þeir sem ekki reykja í þessum hópi geri ef munntóbak verður ekki lengur fánlegt.

Viljum við benda á grein sem vekur athygli á að skaðsemi reyklauss tóbaks er hverfandi miðað við skaðsemi reykinga. „Smokeless Tobacco as a Nicotine Delivery Device: Harm or Harm Reduction?“ NL Benowitz Clinical Pharmacology & Therapeutics 2011;90(4):491-493 (doi:10.1038/clpt.2011.191).

Mikilvægt að hugleiða þetta vel áður en frumvarpið er samþykkt í óbreyttri mynd.

f.h.
Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Lúðvík Ólafsson
lækningaforstjóri

Þorsteinn Blöndal
yfirlæknir